

Desember 2022



Lokagreinargerð um stöðu aðgerða

í þingsályktun um
stefnu og
framkvæmdaáætlun
í málefnum fatlaðs
fólks fyrir 2017-2021

Stjórnarráð Íslands

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Útgefandi:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Lokagreinargerð um stöðu aðgerða í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir 2017-2021

Desember 2022

frn@frn.is

frn.is

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

©2022 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

ISBN 978-9935-513-17-5

Efnisyfirlit

Útdráttur	6
Tafla 1.1 Samantekt og staða aðgerða og verkefna á tímabili framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021.....	7
1. Inngangur	9
2. Stöðumat	12
2.1 Helstu niðurstöður rannsókna.....	12
3. Staða aðgerða	14
3.1 Aðgengi.....	14
A1 Algild hönnun verði leiðarljós við alla skipulagningu manngerðs umhverfis	14
A2 Algild hönnun verði innleidd við breytingar á þegar byggðu húsnæði.....	15
A3 Áætlanir um úrbætur á aðgengi og aðgengisfulltrúar.....	15
A4 Aðgengilegar upplýsingar um réttindi, þjónustu og annað efni	16
A5 Starfsstöð fyrir auðlesinn texta.....	17
A6 Auknir möguleikar fatlaðs fólks til að nýta almenningssamgöngur.....	18
A7 Tölulegar upplýsingar um aðgengiskröfur.....	19
3.2 Atvinna.....	20
B1 Ráðgjöf og fræðsla til atvinnurekenda um starfsfólk með fötlun.....	20
B2 Byggð verði brú milli framhaldsskóla/háskóla og atvinnulífs.....	20
B3 Betri atvinnumöguleikar fatlaðs fólks	22
B4 Aðgangur fatlaðs fólks að hjálpartækjum og tæknibúnaði til að stunda vinnu	22
3.3 Heilsa	23
C1 Aukin hvatning til hreyfingar og holls mataræðis.....	23
C2 Innleiðing áætlunar sem unnin var á grundvelli aðgerðar í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 um að efla heilsugæslu til að mæta þörfum fatlaðs fólks.....	25
C3 Fjölgun geðheilsuteyma	26

C4	Geðsvið sjúkrahúsa veiti sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu fyrir fatlaða einstaklinga með flókna og samsetta greiningu.....	26
C5	Komið verði á sérhæfðu meðferðarúrræði fyrir fatlað fólk með fíknivanda.....	27
3.4	Ímynd og fræðsla	28
D1	Vakin verði athygli á fjölbreyttu lífi fatlaðs fólks.....	28
D2	Fræðsla um hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga.....	28
D3	Fræðsluefni og kynningaráætlanir fyrir heilbrigðisstarfsfólk.....	29
D4	Aukin þekking lögreglu, ákærvalds og dómskerfis við rannsókn og meðferð ofbeldisbrota.....	30
D5	Aukin þekking og skilningur heilbrigðisstarfsfólks á þörfum fatlaðs fólks.....	30
D6	Kynning á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	31
3.5	Menntun	32
E1	Aukin samþætting og betri undirbúningur við flutning milli skólastiga.....	32
E2	Aukin fjölbreytni í námsframboði á starfsbrautum framhaldsskólanna.....	33
E3	Aukin fjölbreytni í diplómanámi á háskólastigi fyrir fatlað fólk.....	33
E4	Námsstyrkir fyrir fatlað fólk vegna endur- og símenntunar.....	34
3.6	Sjálfstætt líf	35
F1	Heildræn þjónusta við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir þar sem málstjóri tryggi öryggi og samfellu.....	35
F2	Heildræn þjónusta við fötluð börn með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra með aðstoð málstjóra.....	35
F3	Fatlað fólk njóti sjálfstæðs lífs á orlofstímum.....	37
F4	Opinber húsnæðisstuðningur vegna breytinga á heimilum fatlaðs fólks.....	37
F5	Húsnæðisþörfum fatlaðs fólks verði mætt með fjölbreyttum íbúðarkostum.....	38
F6	Áhrif fjárveitinga til félags-, heilbrigðis- og menntamála á líf fatlaðs fólks verði skoðuð.....	39
F7	Notendaráð starfi á öllum þjónustusvæðum.....	39
3.7	Þróun þjónustu	40

G1 Breytt verklag vegna tilvísana frá skólapijónustu til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, barna- og unglíngageðdeildar Landspítala (BUGL) og Þroska- og hegðunarstöðvar	40
G2 Sett verði viðmið um biðtíma eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.....	41
G3 Þjónusta við fötluð börn með sértækar þarfir verði veitt í nærumhverfi þeirra	42
G4 Leik- og grunnskólar á landsvísu fái í auknum mæli aðgang að miðlægri þekkingu og ráðgjöf, m.a. með starfsemi svonefndra ráðgjafarleikskóla og grunnskóla.....	42
G5 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinni þjónustu við aldurshópinn 18–24 ára	43
G6 Fötluð börn og ungmenni eigi kost á sértækri frístundaþjónustu	43
G7 Bætt þjónusta við fatlað fólk með aðstoð hjálpartækja og tæknitengdra lausna.....	44

Töfluskrá

Tafla 1.1 Samantekt og staða aðgerða og verkefna á tímabili framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021	7
---	---

Útdráttur

Stefna og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 var samþykkt sem þingsályktunartillaga á Alþingi vorið 2017. Leiðarstefið í henni var að full mannréttindi fatlaðs fólks yrðu eflað, varin og tryggð til jafns við aðra og skilyrði sköpuð til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum. Framkvæmdaáætlunin innihélt fjölbreyttar aðgerðir á sjö málafnasviðum sem sneru að aðgengismálum, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks og þróun þjónustu.

Á tímabilinu var ráðist í aðgerðir í samstarfi við fjölmarga aðila sem búa yfir viðamikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði. **Alls er 80% aðgerðanna nú lokið eða þær komnar í farveg, það er 32 af 40** (sjá töflu 1.1). Staðan miðast við maí 2022.

Ýmsar rannsóknir voru auk þess unnar á tímabilinu og skýrslur gefnar út sem styðja við framangreind markmið og aðgerðir. Í heildina var **rúmunum 295 milljónum króna** varið til aðgerða í framkvæmdaáætluninni og önnur verkefni þeim tengdum.

Aðgerðir sneru til að mynda að bættu aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu. Sveitarfélög voru hvött til þess að skipa aðgengisfulltrúa og hafa í kringum 50 gert það nú þegar, sett var á fót miðstöð fyrir auðlesið mál (audlesid.is) og úttekt gerð á almenningssamgöngum um land allt.

Mikil áhersla var lögð á heilsueflingu fatlaðs fólks og meðal annars ráðist í verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi. Geðheilsuteymum var fjölgað á landsvísi og fræðsluefni um málefni fatlaðs fólks unnið fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu.

Þá var áhersla lögð á að fjölga atvinnutækifærum fyrir fatlað fólk. Gallup vann rannsókn þar sem kannað var hvernig almennur vinnumarkaður og opinberar stofnanir mættu ólíkum þörfum fatlaðs starfsfólks og hvaða hindranir stæðu í vegi fyrir atvinnuþátttöku þess. Vinnuálastofnun fékk einnig stuðning fyrir stöðugildi sérfræðings með þekkingu á málefnum fatlaðs fólks og farið var í sérstakt kynningarátak um atvinnutækifæri fatlaðs fólks með skerta starfsgetu. Það var samstarfsverkefni Þroskahjálpar og Samtaka atvinnulífsins.

Einn þáttur í því að meta ávinning af framkvæmdaáætluninni var stöðumat sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að framkvæma. Önnur rannsóknin var gerð við upphaf tímabilsins og hin við lok þess. Markmiðið var að meta þær breytingar á þjónustu og aðstæðum fatlaðs fólks sem hefðu orðið.

Báðar rannsóknirnar voru lagðar fyrir fullorðna þjónustunotendur og forsjáaraðila fatlaðra barna til að fá upplýsingar um reynslu þeirra af aðgengismálum og þjónustu sveitarfélaga. Einnig voru lagðar spurningar fyrir úrtak almennings í því skyni að kanna viðhorf til þátttöku fatlaðs fólks á

mismunandi sviðum þjóðlífsins og þekkingu almennings á aðstæðum þess og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Meðal þess sem fram kom í svörum forsjáaraðila fatlaðra barna var að fleiri börn fengu einstaklingsbundna áætlun en áður og hún var oftár unnin í samráði við fjölskylduna. Þá hafði hlutfall barna sem fengið hafði skipaðan málstjóra aukist á milli ára og farið úr 37% og upp í 60%.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Vinna er nú að hefjast við gerð landsáætlunar um innleiðingu samningsins. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks mun falla inn í landsáætlunina sem verður í framhaldinu meginverkfæri stjórnvalda við heildstæða stefnumótun í málaflokknum.

Tafla 1.1 Samantekt og staða aðgerða og verkefna á tímabili framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021

	Staða
A1. Algild hönnun verði leiðarljós við alla skipulagningu manngerðs umhverfis	Lokið
A2. Algild hönnun verði innleidd við breytingar á þegar byggðu húsnæði	Lokið
A3. Áætlanir um úrbætur á aðgengi og aðgengisfulltrúar	Lokið
A4. Aðgengilegar upplýsingar um réttindi, þjónustu og annað efni	Í farvegi
A5. Starfsstöð fyrir auðlesinn texta	Lokið
A6. Auknir möguleikar fatlaðs fólks til að nýta almenningsamgöngur	Í farvegi
A7. Tölulegar upplýsingar um aðgengiskröfur	Hætt við
B1. Ráðgjöf og fræðsla til atvinnurekenda um starfsfólk með fötlun	Lokið
B2. Byggð verði brú milli framhaldsskóla/háskóla og atvinnulífs	Lokið
B3. Betri atvinnumöguleikar fatlaðs fólks	Lokið
B4. Aðgangur fatlaðs fólks að hjálpartækjum og tæknibúnaði til að stunda vinnu	Í farvegi
C1. Aukin hvatning til hreyfingar og holls mataræðis	Lokið
C2. Innleiðing áætlunar sem unnin var á grundvelli aðgerðar í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 um að efla heilsugæslu til að mæta þörfum fatlaðs fólks	Lokið
C3. Fjölgun geðheilsuteyma	Lokið
C4. Geðsvið sjúkrahúsa veiti sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu fyrir fatlaða einstaklinga með flókna og samsetta greiningu	Lokið
C5. Komið verði á sérhæfðu meðferðarúrræði fyrir fatlað fólk með fíknivanda	Í farvegi
D1. Vakinn verði athygli á fjölbreyttu lífi fatlaðs fólks	Lokið
D2. Fræðsla um hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga	Lokið
D3. Fræðsluefni og kynningaráætlanir fyrir heilbrigðisstarfsfólk	Lokið

D4. Aukin þekking lögreglu, ákærvalds og dómskerfis við rannsókn og meðferð ofbeldisbrota	Lokið
D5. Aukin þekking og skilningur heilbrigðisstarfsfólks á þörfum fatlaðs fólks	Ekki hafið
D6. Kynning á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	Lokið
E1. Aukin samþætting og betri undirbúningur við flutning milli skólastiga	Í farvegi
E2. Aukin fjölbreytni í námsframboði á starfsbrautum framhaldsskólanna	Í farvegi
E3. Aukin fjölbreytni í diplómanámi á háskólastigi fyrir fatlað fólk	Í farvegi
E4. Námsstyrkir fyrir fatlað fólk vegna endur- og símenntunar	Ekki hafið
F1. Heildræn þjónusta við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir þar sem málstjóri tryggir öryggi og samfellu	Í farvegi
F2. Heildræn þjónusta við fötluð börn með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra með aðstoð málstjóra	Í farvegi
F3. Fatlað fólk njóti sjálfstæðs lífs á orlofstímum	Ekki hafið
F4. Opinber húsnæðisstuðningur vegna breytinga á heimilum fatlaðs fólks	Ekki hafið
F5. Húsnæðisþörfum fatlaðs fólks verði mætt með fjölbreyttum íbúðarkostum	Í farvegi
F6. Áhrif fjárveitinga til félags-, heilbrigðis- og menntamála á líf fatlaðs fólks verði skoðuð	Ekki hafið
F7. Notendaráð starfi á öllum þjónustusvæðum	Í farvegi
G1. Breytt verklag vegna tilvísana frá skólaþjónustu til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, barna- og unglíngageðdeildar Landspítala (BUGL) og þroska- og hegðunarstöðvar	Í farvegi
G2. Sett verði viðmið um biðtíma eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Í farvegi
G3. Þjónusta við fötluð börn með sértækar þarfir verði veitt í nærumhverfi þeirra	Lokið
G4. Leik- og grunnskólar á landsvísi fái í auknum mæli aðgang að miðlægrri þekkingu og ráðgjöf, m.a. með starfsemi svonefndra ráðgjafarleikskóla og grunnskóla	Lokið
G5. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinni þjónustu við aldurshópinn 18–24 ára	Ekki hafið
G6. Fötluð börn og ungmenni eigi kost á sértækri frístundaþjónustu	Lokið
G7. Bætt þjónusta við fatlað fólk með aðstoð hjálpartækja og tæknitengdra lausna	Ekki hafið

1. Inngangur

Hinn 31. maí 2017 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021. Í stefnunni kemur fram að full mannréttindi fatlaðs fólks verði eflað, varin og tryggð til jafns við aðra og skilyrði sköpuð til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum. Allt fatlað fólk njóti grundvallarfrelsis og virðing verði borin fyrir mannlegri reisn þess, sjálfræði og sjálfstæði. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig megi tryggja að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi með reisn. Lögð verði áhersla á mannréttindi og bann við mismunun á grundvelli fötlunar þannig að tryggt verði að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra og því tryggður stuðningur til að njóta þeirra réttinda.

Þá skuli fatlað fólk njóta góðs af öllum almennum aðgerðum stjórnvalda, svo sem á sviði húsnæðis-, mennta-, trygginga- og atvinnumála.

Maí 2022

Staða aðgerða í þessari skýrslu miðast við [maí 2022](#).

Síðan þá hefur fjölmargt gerst þegar kemur að málaflöknum og ýmislegt áunnist m.t.t. stöðu og réttinda fatlaðs fólks. Må sem dæmi nefna:

- 1) Vinna er hafin við gerð landsáætlunar um innleiðingu á ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Landsáætlunin mun marka tímamót en hún er liður í lögfestingu samningsins sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- 2) Þróaður hefur verið stafrænn talsmannagrunnur sem er liður í að ryðja úr vegi stafrænum hindrunum sem fatlað fólk stendur gjarnan frammi fyrir. Persónulegir talsmenn fatlaðs fólks geta nú fengið aðgang að stafrænu pósthólfi umbjóðenda sinna á [Ísland.is](#) og komið fram fyrir hönd þeirra á grundvelli samnings þeirra á milli.
- 3) Lög hafa verið samþykkt á Alþingi þar sem samningum um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, er fjölgað verulega: Árið 2023 er gert ráð fyrir að samningum fjölgji um ríflega 50%.
- 4) Þrír ráðherrar hafa undirritað samning til þriggja ára við Íþróttasamband fatlaðra vegna verkefnisins „Farsælt samfélag fyrir öll – brúum bilið“ en það miðar að því að efla íþróttaástandun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna.

Gera má ráð fyrir að framangreind verkefni, ásamt öðru sem unnið hefur verið að frá gerð þessarar skýrslu, hafi haft áhrif á framvindu stakra aðgerða.

Undirmarkmið framkvæmdaáætlunar:

- Að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra.
- Að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.
- Að efla almennt heilbrigði fatlaðs fólks.
- Að stuðla að jákvæðu viðhorfi til málefna fatlaðs fólks.
- Að fatlað fólk hafi sömu tækifæri til menntunar og aðrir.
- Að fatlað fólk njóti mannréttinda til jafns við aðra, þ.m.t. réttarins til sjálfstæðs lífs.
- Að þjónusta við fatlað fólk, börn og fullorðna, stuðli að sjálfstæði og þátttöku til jafns við aðra.

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 var unnin af starfshópi sem skipaður var fulltrúum frá þáverandi velferðarráðuneyti, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Landssamtökunum Þroskahjálp, Öryrkjabandalagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Yfirumsjón með eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar var í höndum ráðherraskipaðs starfshóps með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Framkvæmdaáætlunin miðaði að því að ná fram markmiðum stefnunnar. Lögð skyldi áhersla á ákveðin grunngildi, svo sem eitt samfélag fyrir alla, jöfn tækifæri og lífshör, algilda hönnun sem gagnast öllum og að fatlað fólk skuli vera við stjórnvölinn í eigin lífi. Skilyrði yrðu sköpuð fötluðu fólki til að lifa sjálfstæðu lífi með aðgengi til jafns við aðra, hvort sem um ræðir aðgengi að manngerðu umhverfi, samgöngum, þjónustu, upplýsingum eða möguleikum til tjáskipta, sem auðveldar samfélagsþátttöku og virkni í daglegu lífi. Í framkvæmdaáætlun voru tilgreindar 40 aðgerðir á sjö málavíðum sem lúta að aðgengi, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi og þróun þjónustu.

Í heildina var veitt **295,4 m.kr.** framlag til aðgerða í framkvæmdaáætlun eða **61 m.kr. á ári** (fyrir utan árið 2017 þegar framlagið var 51,4 m.kr.). Af heildarframlaginu var 119 m.kr. varið til verkefna sem ekki voru tilgreind sérstaklega í þingsályktun en var ætlað að styðja við þær aðgerðir sem þar eru tilgreindar. Sótt var um styrki til slíkra verkefna en einnig var veitt framlag til verkefna samkvæmt tillögum starfshóps um eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar. 1. janúar 2019 var velferðarráðuneytinu skipt upp í tvö ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti, og hefur félagsmálaráðuneytið haft með höndum eftirfylgd framkvæmdaáætlunarinnar.

Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar voru samþykkt lög sem höfðu áhrif á þjónustu við fatlað fólk og verkefni í framkvæmdaáætluninni. Meðal annars má nefna:

- **Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.** Markmið laganna er m.a. að fatlað fólk eigi kost á bestu

Þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að það geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Þjónusta samkvæmt lögunum á að miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi, óskir og önnur atriði sem skipta máli, svo sem kyn, kynferði, aldur, þjóðernisuppruna, trúarbrögð o.fl. Við framkvæmd laganna skal framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

- **Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.** Markmið laganna er að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Með lögunum er stefnt að því að að brjóta niður múra sem kunna að myndast á milli kerfa þegar tryggja þarf börnum heildstæða og samhæfða þjónustu. Tilgangurinn var að setja börn í forgrunn þjónustulausna og til þess fallið að skapa raunverulega barnvænt samfélag.
- **Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018.** Lögin gilda um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði, þar á meðal óháð fötlun eða skertri starfsgetu. Markmið laganna er að vinna gegn mismunun á vinnumarkaði.

Á seinni hluta tímabils framkvæmdaáætlunarinnar hefur Covid-19 óhjákvæmilega sett mark sitt á framgang ákveðinna verkefna og valdið töfum í einhverjum tilvikum.

2. Stöðumat

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi rannsókn á árinu 2018, sem lið í að meta ávinning af framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021, þar sem meginmarkmiðið var að afla upplýsinga um aðstæður fólks og barna sem nota þjónustu sveitarfélaganna sem ætluð er fötluðu fólki. Sambærileg rannsókn var gerð á árinu 2021 til samanburðar.

Báðar rannsóknirnar voru lagðar fyrir fullorðna þjónustunotendur og forsjáraðila fatlaðra barna til að fá upplýsingar um reynslu þeirra af aðgengismálum og þjónustu. Einnig voru lagðar fram spurningar fyrir úrtak almennings í því skyni að kanna viðhorf til þátttöku fatlaðs fólks á mismunandi sviðum þjóðlífsins og þekkingu almennings á aðstæðum þess og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2.1 Helstu niðurstöður rannsókna

Fullorðnir þjónustunotendur – helstu niðurstöður

- Fjárhagur þátttakenda er enn þýðingarmikill þáttur.
- Aðgengi hefur ekki batnað að mati þátttakenda.
- Lítið framboð er af upplýsingum á auðskildu máli en hefur aukist á milli ára.
- Almenningsamgöngur eru lítið notaðar af fötluðu fólki en fleiri þurfa ekki á þjónustunni að halda.
- Aðgengi að upplýsingum og þjónustu er enn ábótavant.
- Fjórir af hverjum fimm taka sjálfir eða í samráði við aðra ákvörðun um hvaða vinnu, nám eða hæfingu þeir sækja.
- Mikill meirihluti þátttakenda er enn ánægður með það sem hann gerir á daginn.
- Meirihluti þátttakenda hefur fengið einstaklingsbundna áætlun um þjónustu og stuðning og hlutfall þeirra hefur aukist á milli ára.
- Þriðjungur fullorðinna þjónustunotenda er með málstjóra og hefur fjöldinn staðið í stað.
- Um sjö af hverjum tíu telja að þjónustan sem þeir fá geri þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi sem er sambærilegt við hlutfallið árið 2018.
- Þrír af hverjum fjórum eru ánægðir með þjónustuna sem þeir fá. Ekki hefur orðið breyting á ánægju með þjónustuna á milli ára en það er sambærilegt hlutfall og mældist árið 2018.
- Mikill meirihluti þátttakenda er ánægður með það hvernig hann býr og engar breytingar hafa orðið þar á.
- Þrír af hverjum fjórum stýra því sjálfir hvað þeir gera og hvenær í daglegu lífi.
- Meirihluti þátttakenda hafði einhvern tímann upplifað áreitni eða fordóma annarra í sinn garð og hefur hlutfall þeirra staðið í stað á milli ára.
- Rúmur helmingur þátttakenda er oft eða stundum einmana. Þeim hefur fækkað sem segjast oft vera einmana (17%), samanborið við 2018 þegar tæpur

fjórðungur sagðist oft vera einmana. Á hinn bóginn hefur þeim fjölgað sem segjast stundum vera einmana, 42% samanborið við 34% árið 2018.

- Dregið hefur úr utanlandsferðum á milli kannana. Færri þátttakendur ferðuðust til útlanda á undangengnu sumri en gerðu í sumarfríi sínu árið 2018. Einungis sjö af hundraði svarenda fóru til útlanda, samanborið við 30% árið 2018. Hins vegar höfðu fleiri þátttakendur farið í sumarbúðir, eða 14% samanborið við 9% árið 2018. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á fjölda þeirra sem höfðu farið í ferðalag innanlands á milli ára.

Forsjáraðilar fatlaðra barna – helstu niðurstöður

- Fjárhagur fjölskyldna er enn mikilvægur þáttur.
- Fleiri börn fá einstaklingsbundna áætlun og hún er oftast unnin í samráði við fjölskylduna.
- Meirihluti barna hefur fengið skipaðan málstjóra og hlutfall þeirra hefur aukist á milli ára.
- Bið eftir viðeigandi þjónustu hefur styst en þó þarf stærri hópur að bíða í tvö ár eða lengur.
- Forsjáraðilar barna í leikskóla eru áfram ánægðastir.
- Tæpur helmingur barna er í frístundþjónustu eftir skóla eða í skólafríum og hlutfall þeirra stendur í stað á milli ára.
- Hlutfallslega færri börn fóru til útlanda eða í ferðalag innan lands nú, samanborið við árið 2018. Forsjáraðilar voru spurðir hvort barnið hefði farið í sumarbúðir, ferðalag innanlands, farið til útlanda eða á leikjanámskeið í sumarfríi sínu. Flest börnin höfðu farið í ferðalag innanlands: Tvö af hverjum þremur fóru í ferðalag innanlands án þess að gista og þrjú af hverjum fjórum fóru í ferðalag þar sem var gist. Þetta er nokkur fækkun frá árinu 2018 þegar sambærileg hlutföll voru 73% og 84%. Þá fóru einungis 13% barna til útlanda nú, samanborið við 44% árið 2018.
- Meirihluti forsjáraðila er ánægður með þjónustuna sem börnin fá en þeim hefur fækkað lítillega á milli ára.

Úrtak almennings – helstu niðurstöður

- Lítil þekking á samningi Sameinuðu þjóðanna og hún hefur ekki aukist á milli ára.
- Að jafnaði er fólk síður sátt með samfélagslega þátttöku fólks með geðsjúkdóma, samanborið við aðrar skerðingar.
- Eins og árið 2018 eru fordómar meiri gagnvart þátttöku fatlaðs fólks þegar kemur að umönnun barna og setu á Alþingi en á öðrum vettvangi
- Engar tölfræðilega marktækar breytingar hafa orðið á viðhorfum og fordómum almennings í garð fatlaðs fólks á milli ára.

3. Staða aðgerða

3.1 Aðgengi

Undirmarkmið 1:

Að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra.

Mælikvarði:

Hlutfall fatlaðs fólks sem telur að aðgengi að manngerðu umhverfi sé gott

A1 Algild hönnun verði leiðarljós við alla skipulagningu manngerðs umhverfis

Markmið: Að auka þekkingu á samfélagslegu gildi algildrar hönnunar.

Lýsing: Unnið verði fræðsluefni um samfélagslegt gildi algildrar hönnunar. M.a. verði byggt á lögum og stefnu stjórnvalda um fjölbreytta íbúabyggð þar sem fólki er gert kleift að búa á eigin heimili. Fræðsluefni, fræðslan sjálf og framkvæmd hennar verði samstarfsverkefni faghópa á vegum velferðar- og skipulagsyfirvalda. Fræðslan nái til ábyrgðaraðila á sviði skipulags- og byggingamála hjá ríki og sveitarfélögum, stjórnámálamanna á sveitarstjórnarstigi, alþingismanna sem og ráðuneyta og stofnana ríkis og sveitarfélaga.

Staða: Lokið

- Algild hönnun er mun víðtækara hugtak en menn gerðu sér grein fyrir við gerð þessarar áætlunar og umræða í samfélaginu um algilda hönnun hefur aukist. Við nánari skoðun taldi starfshópurinn því rétt að í stað þess að afmarka verkefnið við skipulags- og byggingamál yrði farið í grunninn og leitað svara við eftirfarandi spurningum: a) hvað er algild hönnun? b) til hvaða þátta tekur algild hönnun? c) af hverju er algild hönnun mikilvæg? d) hvaða þættir geta mögulega hindrað eða ýtt undir innleiðingu? e) hvað er þegar til af opinberum gögnum og fræðsluefni á Íslandi um algilda hönnun? Þá skyldi taka saman upplýsingar um aðgerðir til innleiðingar á algildri hönnun í öðrum löndum.
- Sigrún K. Jónasdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, var fengin til verksins og vann hún greinargerð um algilda hönnun þar sem framangreindum spurningum er meðal annars svarað. Gera má ráð fyrir

að greinargerðin verði innlegg í vinnu starfshóps sem kemur til með að vinna næstu framkvæmdaáætlun.

- Í greinargerðinni fjallar Sigrún m.a. um stöðu algildrar hönnunar á Íslandi, gagnleg dæmi frá öðrum löndum, mikilvægar áherslur við innleiðingu algildrar hönnunar og leggur fram tillögur að næstu skrefum.

A2 Algild hönnun verði innleidd við breytingar á þegar byggðu húsnæði

Markmið: Að bæta aðgengi að húsnæði, einkum í þegar byggðum hverfum.

Lýsing: Gefnar verði út leiðbeiningar um heimild til þess að víkja frá ákvæðum byggingareglugerðar um algilda hönnun í þegar byggðu húsnæði. Jafnframt fari fram miðlæg skráning á þessum undanþágum, bæði varðandi breytingar á húsnæði sem og breytta notkun þess.

Staða: Lokið

- Mannvirkjastofnun var veitt framlag til verkefnisins og hefur lokið við gerð leiðbeininga um heimild til þess að víkja frá ákvæðum byggingareglugerðar um algilda hönnun í þegar byggðu húsnæði.
- Miðlæg skráning á þessum undanþágum er hafin.

A3 Áætlanir um úrbætur á aðgengi og aðgengisfulltrúar

Markmið: Að aðgengi í víðum skilningi hindri ekki samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.

Lýsing: Hvatt verði til þess að opinberir aðilar skipi aðgengisfulltrúa. Hlutverk þeirra verði að sjá til þess að gerðar séu úttektir á aðgengi, þ.e. á þjónustu og starfsemi viðkomandi aðila í víðum skilningi. Leiði úttekt í ljós að úrbóta sé þörf hlutist aðgengisfulltrúi til um að gerðar verði tímasettar áætlanir um úrbætur.

Staða: Lokið

- Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) var falið verkefnið sem felst í því að útbúin verði almenn lýsing á störfum aðgengisfulltrúa, ásamt leiðbeiningum, sem kynntar verða sveitarfélögum. Markmiðið er að sveitarfélög geti nýtt sér efnið við útfærslu á störfum aðgengisfulltrúa eða annarra sem starfa að aðgengismálum. Einnig verði búinn til aðgengislykill fyrir aðgengi að opinberum byggingum í sveitarfélögum. Viðbrögð og áætlanir sveitarfélaga verði kannaðar í framhaldinu.
- ÖBÍ lagði til breytingu á verkefnisáætlun, enda hafi reynst erfitt að útbúa lýsingu á starfinu fyrir sveitarfélögin sem eru af öllum stærðum og gerðum. Sveitarfélög voru hvött til að ráða háskólanema í tengdu

námi í starf aðgengisfulltrúa sumarið 2021. Fundað var reglulega með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga á undirbúningstímabilinu, enda þótti mikilvægt að samskipti við sveitarfélögin færu fram gegnum sambandið. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi út hvatningu til sveitarfélaganna á landinu að taka þátt í verkefninu. Alls tóku 5 sveitarfélög þátt í verkefninu og voru 6 aðgengisfulltrúar starfandi á landinu sumarið 2021 í tengslum við verkefnið.

- Þátttakandi sveitarfélög hafa haldið áfram að vinna að aðgengismálum og það virðist vera ljóst að þátttaka þeirra í verkefninu hefur hvatt þau til dáða. ÖBÍ hefur gengið eftir því að sveitarfélögin ráði inn aðgengisfulltrúa á grunni árangurs þessa verkefnis. Árangurinn er að nú hafa aðgengisfulltrúar verið skipaðir í 46 sveitarfélögum og von er á fjölgun þeirra.
- Stefnt er að því að halda sérstaka aðgengisráðstefnu, sem ekki reyndist unnt að halda á tíma framkvæmdaáætlunar vegna samkomutakmarkana.

A4 Aðgengilegar upplýsingar um réttindi, þjónustu og annað efni

Markmið: Að fatlað fólk geti nálgast upplýsingar um rétt sinn og þjónustu.

Lýsing: Vefsíður, fræðsluefni og upplýsingar, svo sem um réttindi og þjónustu, séu aðgengilegar fötludu fólki á auðskildu máli og byggist á aðferðafræði algildrar hönnunar. Táknmálstúlkun verði aðgengileg sem og punktaletur, textun og upplýsingar, bæði ritaðar og rafrænar, á auðskildu máli. Á vefjum sveitarfélaga verði upplýsingar um ferli og hjólastólaaðgengi. Opinberir aðilar geri tímasettar áætlanir um úrbætur á aðgengi á framangreindum sviðum sem séu endurmetnar annað hvert ár.

Staða: Í farvegi

- Landssamtökunum Þroskahjálp var falin framkvæmd verkefnisins þar sem markmiðið var að kortleggja aðgengi að upplýsingum um réttindi og þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga og annarra þjónustuveitenda. Við nánari skoðun á verkefninu var talið að sú framkvæmd sem lagt var upp með í upphafi myndi ekki skila nægilegum árangri og því voru lagðar til breytingar á framkvæmd verkefnisins. Vegna Covid-19 tókst hins vegar ekki að vinna verkefnið eins náði með fólki með þroskahömlun og til stóð heldur fékk Þroskahjálp sérfræðinga í stafrænu aðgengi til samstarfs. Mat þeirra er að hið opinbera þurfi að gefa út staðla og leiðbeiningar varðandi opinberar vefsíður m.t.t. aðgengi fatlaðs fólks. Sveitarfélögin búa yfirleitt ekki sjálf til síðurnar heldur setja eingöngu inn fréttir o.þ.h. en þeir sem hanna síðurnar þurfa að hafa staðla til að vinna eftir. Eftir ákveðinn tíma þarf svo að gera úttekt á því hvort verið sé að vinna eftir stöðlunum.

- Skýrsla er í vinnslu hjá Þroskahjálpi sem mun m.a. skila eftirfarandi upplýsingum:
 - Hversu aðgengilegt efni sem snertir fatlað fólk er á vefjum sveitarfélaga (fimm sveitarfélög valin m.t.t. til stærðar og landfræðilegrar staðsetningar).
 - Hvort og hvernig efni er miðlað á auðlesnu máli fyrir fólk með þroskahömlun.
 - Helstu áskoranir sem fólk mætir þegar það notar vefi hins opinbera.
 - Grunnupplýsingar um vefaðgengi sveitarfélaga (þrjú talsins).
 - Skortur á samræmdum aðgengisleiðbeiningum og stöðlum.

A5 Starfsstöð fyrir auðlesinn texta

Markmið: Að auka framboð auðlesins texta, m.a. fyrir fólk með þroskahömlun og aðra sem geta nýtt sér hann.

Lýsing: Í því skyni að greiða fyrir aðgengi fólks með þroskahömlun að upplýsingum og þar með tækifærum til virkrar þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra verði komið á laggirnar starfsstöð þar sem veitt verði ráðgjöf, upplýsingar og kennsla varðandi auðlesinn texta. Þar verði m.a. orðabanki sem verði aðgengilegur á netinu til notkunar fyrir alla. Starfsstöðin gegni sambærilegu hlutverki gagnvart fólki sem þarf auðlesinn texta til að afla sér upplýsinga og Samskiptamiðstöð heyrnarlausu og heyrnarskertra hefur gagnvart döff-fólki og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur gagnvart fólki með sjónskerðingar.

Staða: Lokið

- Landssamtökunum Þroskahjálpi var falin framkvæmd verkefnisins og hafa þau þróað og sett á fót miðstöð um auðlesið mál sem sér um að yfirfæra texta, s.s. frá stofnunum og fyrirtækjum, fræðslu- og kennsluefni, yfir á auðlesið mál. Samhliða hefur verið sett í loftið vefsíðan www.audlesid.is.
- **Auðlesið.is** er vefur þar sem hægt er að:
 - Nálgast fræðsluefni á auðlesnu máli.
 - Fletta upp orðum í orðabanka og fá útskýringar á auðlesnu máli.
 - Panta verkbeiðni frá Miðstöð um auðlesið mál.
- Þroskahjálpi hefur vakið máls á mikilvægi þess að umsjón með vefsíðunni sé komið í varanlegan farveg, m.a. með tilliti til hvar verkefnið skuli vistað til framtíðar og fjármögnun þess.

A6 Auknir möguleikar fatlaðs fólks til að nýta almenningsamgöngur

Markmið: Að leið fatlaðs fólks verði greiðari á milli staða dagsdaglega.

Lýsing: Aðgengi að biðskýlum og almenningsvögnum verði bætt. Á biðstöðvum sjáist skýrt hvenær næsta vagns er von. Í vögnum verði afmörkuð svæði fyrir hjólastóla. Fatlað fólk sem metið er í þörf fyrir akstursþjónustu fái kort sem gildir í almenningsvagna samhliða akstursþjónustunni. Ungir notendur akstursþjónustu njóti sömu afsláttarkjara og jafnaldrar þeirra. Áætlunarleiðir milli landshluta verði aðgengilegar fötluðu fólki með sama hætti og almenningsamgöngur innan sveitarfélaga.

Staða: Í farvegi

- Hér var um að ræða nokkrar aðgerðir í einni þ.e. að a) kortleggja stöðuna á aðgengismálum við biðstöðvar, b) kanna hlutfall almenningsvagna með hjólastólaaðgengi, og c) meta kostnað við aðgerðir sem miða að því að veita fötluðu fólki, sem metið er í þörf fyrir akstursþjónustu, kort sem gildir í almenningsvagna samhliða akstursþjónustunni. Þá þarf að skoða aðgengi að áætlunarleiðum á milli landshluta. Ekki var farið í vinnu við lið c.
- Verkefni a) og b) lúta að því að auka möguleika fatlaðs fólks til að nýta almenningsamgöngur og var Öryrkjabandalagi Íslands falið verkefnið. ÖBÍ samdi við VSÓ ráðgjöf um að gera úttekt á ástandi stoppistöðva á landsvísu á leiðum 51, 55, 56 og 57, alls 113 stoppistöðvar. Niðurstöður úttektarinnar voru þær að engin þeirra stoppistöðva utan borgarmarkanna sem skoðaðar voru uppfylla allar aðgengiskröfur. Aðgengi og yfirborð annarra stöðva þótti ýmist slæmt eða mjög slæmt. Lokaskýrsla verkefnisins kom út í september 2021 og hefur verið kynnt fyrir haghöfum.¹ Með skýrslunni fylgir sérstök vefsja með upplýsingum um biðstöðvarnar sem farþegar geta kynnt sér áður en þeir fara af stað. Strætó b.s. hefur fengið vefsjana í hendur til að vista á nýrri heimasíðu.
- Samningur var gerður við Byggðastofnun, með vísan í aðgerð A.10 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, um að ljúka úttekt á stoppistöðvum í leiðakerfi Strætó b.s. og SvAust á landsbyggðinni. Samið var við VSÓ ráðgjöf um að gera úttekt á stoppistöðvum vorið og sumarið 2022. Með því verður til tæmandi greining á ástandi stoppistöðva á landsbyggðinni, að frátöldum þeim sem eru á forræði sveitarfélaganna.

¹ https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/2021-astand-stoppistodva-a-landsvisu_skyrsla-obi-pdf.pdf

- Strætisvagnar með aðgengi fyrir hreyfihamlaða voru teknir í notkun 23. febrúar 2022. Enn sem komið er eru miklar takmarkanir á ferðafrelsi fatlaðs fólks með landsbyggðarstrætó. Aðeins er ekið á leiðum 51 og 57 á ákveðnum tímum og þarf að panta farið með sólarhringsfyrirvara og er aðeins pláss fyrir einn hjólastólanotanda í hverjum vagni. Þá kemur fram að aðgengi takmarkast við fáeinar biðstöðvar.²

A7 Tölulegar upplýsingar um aðgengiskröfur

Markmið: Að alltaf sé hugað að aðgengi fyrir alla við skipulagningu nýs húsnæðis og íbúðabyggða.

Lýsing: Unnin verði skýrsla með upplýsingum um áhrif aðgengiskrafna við skipulagningu íbúðahverfa þar sem áhersla er lögð á þéttingu byggðar. Teknar verði út aðgengiskröfur bæði í skipulagsskilmálum og lágmarkskröfum samkvæmt byggingareglugerð. Skýrslan verði liður í framkvæmd landsskipulagsstefnu og sérstaklega tengd starfi aðgerðahóps sem gera á tillögur um samræmdar aðgerðir á sviði húsnæðismála til að greiða fyrir byggingu lítilla og hagkvæmra íbúða.

Staða: Hætt við

- Í bréfi sem barst í júní 2018 frá ábyrgðaraðila, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, voru lögð fram rök fyrir því að ekki væru lengur til staðar forsendur til þess að setja af stað vinnu við aðgerðina. Starfshópurinn tók undir þau rök og hefur aðgerðinni því ekki verið hrint í framkvæmd.

² <https://straeto.is/notendaupplýsingar/frettir/adgengi-fyrir-hjostolanotendur-a-landsbyggdinni>

3.2 Atvinna

Undirmerkið 2:

Að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Mælikvarði:

Að fjölga atvinnutækifærum fatlaðs fólks.

B1 Ráðgjöf og fræðsla til atvinnurekenda um starfsfólk með fötlun

Markmið: Að fjölga atvinnutækifærum fatlaðs fólks.

Lýsing: Gerð verði rannsókn til að kanna hvernig almennur vinnumarkaður og opinberar stofnanir mæta ólíkum þörfum fatlaðs starfsfólks og hvaða hindranir standi í vegi fyrir atvinnuþátttöku þess. Í framhaldinu verði leitað eftir samstarfi við fyrirtæki og samtök aðila vinnumarkaðarins um ráðgjöf og fræðslu til atvinnurekenda þar sem markmiðið verði að hvetja til fjölgunar atvinnutækifæra fatlaðs fólks og aukinnar þekkingar á aðstæðum og þörfum þess. Fyrirtæki sem ráðið hafa fatlað fólk til starfa geti fengið jafningjaraðgjöf frá teymi sem hafi það hlutverk að leiðbeina fyrirtækjum og vinnuveitendum í málefnum fatlaðra starfsmanna. Atvinnurekendur verði hvattir til að setja sér skýra stefnu í starfsmannamálum þar sem gert sé ráð fyrir fjölbreytileika í starfsmannahópnum sem búi við ólíkar aðstæður og þarfir.

Staða: Lokið

- Rannsókn er lokið og skýrslan Atvinnuþátttaka fólks með skerta starfsgetu, sem unnin var af Gallup, hefur verið birt.
- Þroskahjálp og Samtök atvinnulífsins (SA) fóru í *sérstakt kynningarátak um atvinnutækifæri fatlaðs fólks* með skerta starfsgetu með styrk úr framkvæmdaáætlun. Verkefnið fólst einkum í vinnslu fræðsluefnis og miðlun þess til aðildarféлага SA. Fræðsluefni var m.a. unnið upp úr ákvæðum Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 27. gr *Vinna og starf*, og kynningarefni Vinnumálastofnunar á sértækri ráðgjöf Vinnumálastofnunar fyrir Samtök atvinnulífsins.

B2 Byggð verði brú milli framhaldsskóla/háskóla og atvinnulífs

Markmið: Að efla starfs- og námsráðgjöf við fötlun ungmenni að loknu námi og fjölga atvinnutækifærum þeirra.

Lýsing: Að auka samfellu milli starfsbrauta framhaldsskóla, diplómanáms og atvinnulífs og bæta upplýsingagjöf til fatlaðra nemenda og aðstandenda þeirra

varðandi náms- og atvinnumöguleika að loknu námi á framhaldsskólastigi. Við námslok geti fötluð ungmenni sótt um þjónustu hjá Vinnumálastofnun á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Náms- og starfsráðgjafi boði viðkomandi til samráðsfundar innan tveggja vikna frá umsókn þar sem farið verði yfir þau störf sem eru í boði og eftir atvikum þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Hafið verði samstarf við fyrirtæki og stofnanir um fjölgun starfa fyrir fötluð ungmenni innan verkefnisins. Ráðning verði með stuðningi þar sem veitt verði ráðgjöf og stuðningur við ráðningu fatlaðs fólks, m.a. með því að þjálfa starfsfólk vinnustaðarins til að veita stuðning á vinnustaðnum. Stuðst verði við finnska og norska fyrirmynd og byggt á gagnreyndum aðferðum, svo sem Atvinnu með stuðningi og Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana.

Staða: Lokið

- Árið 2020 gerði félagsmálaráðuneytið tveggja ára samning við Vinnumálastofnun um að fjármagna eitt stöðugildi sérfræðings, með þekkingu á málefnum fatlaðs fólks, við stofnunina. Samningurinn var gerður í kjölfar tillagna verkefnahóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem hafa lokið námi á starfsbrautum framhaldsskóla. Markmiðið með verkefninu er að fjölga tækifærum ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir til þátttöku á vinnumarkaði og auka aðgengi þeirra að fjölbreytilegum atvinnutækifærum.
- Þroskahjálpar var veitt framlag úr framkvæmdaáætlun til verkefnis sem framangreindur verkefnahópur lagði til í skýrslu sinni. Verkefnið Samhæfingaraðili upplýsinga um námsframboð og atvinnutækifæri felst í að safnað verði saman upplýsingum á einn stað um náms- og atvinnuframboð og kynnt skipulega fyrir nemendum sem eru að ljúka námi á starfsbrautum. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra veitti nýverið viðbótarstyrk til verkefnisins sem felst m.a. í því að virkja ungmennaráð þroskahjálpar til þátttöku í verkefninu.
- Í ársbyrjun 2022 gerði félags- og vinnumarkaðsráðuneytið samninga við Vinnumálastofnun um eftirfarandi verkefni:
 - **Project search** – Verkefnið miðar að því að efla atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði en það er unnið í samstarfi við Ás styrktarfélag sem mun sjá um framkvæmd verkefnisins. Markmiðið er að þjálfa ungt fólk með þroskahömlun til starfa á almennum vinnumarkaði, hjálpa því að finna vinnu og aðstoða það við að halda henni. Mikil áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki á almennum vinnumarkaði og fá einstaklingar sambland af fræðslu og starfsþjálfun í níu mánuði hjá samstarfsfyrirtækjum. Eftir að þeim tíma lýkur á starfsmaðurinn kost á að fá vinnu hjá fyrirtækinu eða

öðru sambærilegu fyrirtæki ef hann hefur staðist þær kröfur sem til hans eru gerðar. Með verkefninu verður jafnframt unnið markvisst að því að vinnustaðamenning verði þannig að starfsmanni með fötlun sé tekið á jafningjagrundvelli og að hann tilheyri starfsmannahópnum frá upphafi ráðningar.

- **Atvinnulífstenglar** – Um er að ræða verkefni til eins árs og mun Vinnumálastofnun ráða tvo atvinnulífstengla, til eins árs, sem hafa það hlutverk að greiða fyrir ráðningum einstaklinga með skerta starfsgetu, með og án stuðnings. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að fjárfesta í fólki og fjölga markvisst starfstækifærum einstaklinga með skerta starfsgetu og er verkefnið liður í þeirri vegferð.

B3 Betri atvinnuöguleikar fatlaðs fólks

Markmið: Að fatlað fólk eigi greiðari leið á vinnumarkað með auknum einstaklingsmiðuðum úrræðum á borð við Atvinnu með stuðningi (AMS).

Lýsing: Starfsráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fatlað fólk verði eflað með mati á vinnufærni sem Vinnumálastofnun framkvæmir. Áætlun verði gerð um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum til samræmis við einstaklingsbundnar þarfir á grundvelli matsins. Unnið verði markvisst að aukinni kynningu á AMS hjá fyrirtækjum og stofnunum til að fjölga störfum innan verkefnisins. Fagleg vinnubrögð innan AMS verði samræmd, þar á meðal ráðgjöf og stuðningur við ráðningu. Fræðsluefni verði aukið og eftirfylgni með árangri. Þá verði stuðningur eflaður við fatlað fólk í hæfingu og verndaðri vinnu með það að leiðarljósi að auka flæði milli úrræða. Samstarf sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar miði sérstaklega að því að meta vinnufærni fólks (út frá starfsgetu) í þeim tilgangi að það geti tekið virkan þátt á innlendum vinnumarkaði, eftir atvikum með þjónustu verkefnisins AMS.

Staða: Lokið

- Veittar voru 2 m.kr. úr framkvæmdaáætlun til Vinnumálastofnunar til þess að efla starfsráðgjöf og vinnumiðlun með það að markmiði að greiða leið fatlaðs fólks á vinnumarkaðinn með úrræðum á borð við Atvinna með stuðningi (AMS).

B4 Aðgangur fatlaðs fólks að hjálpartækjum og tæknibúnaði til að stunda vinnu

Markmið: Að auðvelda atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Lýsing: Skipaður verði starfshópur sem vinni að því að undirbúa reglugerð með tillögum að samræmdum viðmiðum um úthlutanir hjálpartækja og

tæknibúnaðar til fatlaðra einstaklinga á vinnumarkaði. Greint verði hvaða aðgerða sé þörf til að heimila Sjúkratryggingum Íslands að úthluta hjálpartækjum og tæknibúnaði til samræmis við viðmiðin.

Staða – Í farvegi

- Í skýrslu starfshóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins um hjálpartæki frá árinu 2019 var m.a. lagt til að reglugerðir er lúta að hjálpartækjum yrðu endurskoðaðar. Sjúkratryggingar Íslands vinna nú að heildarendurskoðun á reglugerðinni um hjálpartæki en í henni felst m.a. endurskoðun á hugtakinu. Sú vinna er mjög umfangsmikil og í mörg horn að líta. Gert er ráð fyrir að endurskoðun ljúki ekki fyrr en í lok árs 2022 eða jafnvel á árinu 2023. Hins vegar var gefin út reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpartækja sem tók gildi 1. júlí 2021.
- Með reglugerðinni hækkuðu styrkir vegna kaupa á hjálpartækjum í flestum tilfellum. Um er að ræða hjálpartæki sem auðvelda fólki að takast á við athafnir daglegs lífs.

3.3 Heilsa

Undirmerkið 3:

Að efla almennt heilbrigði fatlaðs fólks.

Mælikvarði:

Hlutfall fatlaðs fólks sem metur líkamlega heilsu sína almennt góða.

C1 Aukin hvatning til hreyfingar og holls mataræðis

Markmið:

Að efla heilbrigði fatlaðs fólks.

Lýsing:

Fræðsluefni verði útbúið á myndrænu formi og fræðsla aukin til fatlaðs fólks um mikilvægi hreyfingar, mataræðis og heilbrigðisþjónustu. Kynningarefni verði á vefsíðum, í bæklingum, smáforritum, á kynningarfundum og ráðstefnum. Jafningjafræðsla verði alltaf nýtt þar sem við á. Við mótun allrar almennrar stefnu á sviði heilsu sé tekið mið af þörfum fatlaðs fólks sem og við gerð samstarfssamninga Embættis landlæknis og sveitarfélaga á sviði lýðheilsu. Einnig er mikilvægt að það starf sem þegar er unnið, t.d. í íþróttafélögum

fatlaðra, sé eftt en ekki síður að unnið sé markvisst að því að fatlað fólk hafi aðgengi að öllu almennu íþróttastarfi.

Staða: Lokið

- Íþróttasambandi fatlaðra var falið að hafa umsjón með tilraunaverkefni þar sem íþróttafélögum, þjálfurum og/eða einstaklingum gafst kostur á að sækja um styrk til þess að veita fötluðum börnum sérstakan stuðning í almennu íþróttastarfi. Einnig var hægt að sækja um styrk til fræðslu eða gerð rannsókna á þessu sviði, sem miða áttu að því að efla heilbrigði fatlaðs fólks.
- Veittur var styrkur til tíu verkefna og var heildarárangur út frá þessum verkefnum talinn mjög góður m.t.t. markmiðasetningar. Verkefnin eru fjölbreytt, ná til breiðs hóps og tengja saman bein grasrótarverkefni fyrir iðkendur, verkefni nemenda á háskólastigi og fræðasamfélagið tengt rannsóknum. Verkefnin eru einnig tengd sérdeildum og frumkvöðlum í sérhæfðri búnaðarþróun. Þannig má tengja árangursrík verkefni við þróun nýrra tækifæra og aukna þátttöku en einnig við mikilvæga vitundarvakningu í háskólasamfélaginu og aðkomu nemenda að þeirri þróun.
- Í árslok 2020 var Íþróttasambandi fatlaðra svo veittur styrkur til tveggja verkefna:
 - **A) Jafnrétti í íþróttastarfi, vitundarvakning og virkni iðkenda með fjölbreyttar stuðningsþarfir.** Verkefnið lýtur að því að auka aðgengi fatlaðra að tómsunda- og íþróttatilboðum þannig að fleiri einstaklingar hafi greiðari aðgang að ástundun á sínu áhugasviði. Um er að ræða sambærilegt verkefni og tilgreint er hér ofar þar sem hægt verður að sækja um styrki til verkefna sem lúta að starfsemi íþróttafélaga, styrki til háskólaverkefna/rannsókna og styrki til eflingar íþróttaiðkunar/hreyfiþjálfunar grunn- og framhaldsskólanema með fötlun/sérþarfir.
 - **B) Tækifæri í íþróttum og tómsundum.** Verkefnið er ein af tillögum verkefnishóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem fjallaði um úrbætur í menntun, atvinnu og tómsundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla og lagði fram tillögur þar um:
 - Að styrkja íþróttafélög til að greiða fyrir stöðu aðstoðarþjálfara þar sem ekki er hægt að koma til móts við börn með frávik nema með slíku úrræði.
 - Að styrkja íþróttafélög við sérverkefni sem hafa að markmiði að efla þátttöku barna með frávik í íþróttastarfi félagsins, t.d. að bjóða upp á nýjar greinar.
 - Að styrkja íþróttafélög við kaup á sérbúnaði – ef slíkur búnaður getur opnað aðgengi að íþróttastarfi.

- Að styrkja ráðstefnu/málþing ÍF, ÍSÍ og UMFÍ – þar sem greining og umræður fara fram um stöðu barna með frávik þegar kemur að íþróttastarfi.
 - Sveitarfélög verði hvött til að leita leiða í þessu skyni í samráði við hagsmunaaðila.
 - Að styrkja gerð bæklinga og fræðsluefnis.
- Framangreind verkefni munu ná til ársloka 2022. Árið 2021 var einnig veittur 10 m.kr. styrkur til Íþróttasambands fatlaðra til kaupa á tækja-/stuðningsbúnaði til afnota í íþróttastarfi fatlaðs fólks. Markmiðið er að greiða aðgengi fatlaðs fólks og fólks með sérþarfir að íþróttastarfi, efla færni þess og árangur.

C2 Innleiðing áætlunar sem unnin var á grundvelli aðgerðar í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 um að efla heilsugæslu til að mæta þörfum fatlaðs fólks

Markmið:

Að bæta aðgang fatlaðs fólks að heilsugæsluþjónustu með jafnræði að leiðarljósi.

Lýsing:

Heilsugæslustöðvar bæti og auki þjónustu við fatlað fólk, einkum fólk með þroskahamlanir og geðræna sjúkdóma. Áherslupættir séu að allt fatlað fólk hafi sinn heimilislækni, njóti samfellu í þjónustu og því séu boðnar reglubundnar heilbrigðisskoðanir og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir, svo sem skimanir og ónæmisaðgerðir. Málstjóri annist samhæfingu og eftirfylgni.

Staða: Lokið

- Á grundvelli aðgerða D5 og D1 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014 átti þáv. velferðarráðuneyti fund með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), sem var í framhaldinu falið að útfæra tillögur að bættri þjónustu við einstaklinga með þroskahömlun.
- Verkefnið var útfært og verklag kynnt innan HH, m.a. á fræðsludögum HH, meðal yfirlækna/hjúkrunarfræðinga og á einstökum heilsugæslustöðvum. Því hefur hins vegar ekki verið fylgt eftir formlega og því má gera ráð fyrir að þróun þjónustunnar hafi verið með mismunandi hætti á milli heilsugæslustöðva, samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni HH sem kom að verkefninu. Sums staðar hafa stöðvarnar haft formlegt samráð við íbúðakjarna og reynt að setja þjónustuna í ákveðinn farveg með því að leggja t.d. áherslu á að fólki sé sinnt að degi til og hafi aðgang í gegnum hjúkrunarvakt stöðvanna fremur en að fatlaðir einstaklingar þurfi að bíða á síðdegismóttökum. Annars staðar er fólki oft sinnt eftir því sem það leitar eftir þjónustu

eins og gerist almennt fyrir alla aðra. Unnið hefur verið fræðsluefni fyrir fagfólk um heilsueftirlit fatlaðs fólks sem vistað er á heimasíðu heilsugæslunnar.

- Þess má geta að unnið hefur verið sérstakt fræðsluefni fyrir fagfólk í heilbrigðisþjónustu um heilsueftirlit og málefni fatlaðs fólks, sem vistað er á heimasíðu heilsugæslunnar. En það er vissulega er ástæða til þess að fylgja þessu betur eftir og mun starfshópur um eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni taka það til skoðunar.

C3 Fjölgun geðheilsuteyma

Markmið:

Að bæta geðheilsu fatlaðs fólks.

Lýsing:

Þverfaglegum geðheilsuteymum félags- og heilbrigðisþjónustu, sem koma að greiningu og meðferð geðfatlaðra, verði komið á í öllum landshlutum og fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, sbr. aðgerð A.2 í stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára. Teymin vinni á grundvelli þarfagreiningar og eftir hugmyndafræði valdeflingar með þarfir geðfatlaðra í huga. Ráðgjöf geðsviðs Landspítala við þennan hóp fyrir allt landið verði efl. Þekking fagstétta á þörfum þessa hóps verði efl. og meðferðarúrræði þróuð.

Staða: Lokið

- Geðheilsuteymi hafa tekið til starfa í öllum landshlutum.

C4 Geðsvið sjúkrahúsa veiti sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu fyrir fatlaða einstaklinga með flókna og samsetta greiningu

Markmið:

Að fatlað fólk hafi aðgang að sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu.

Lýsing:

Stofnaður verði starfshópur til að skoða hvernig eigi að byggja upp sérhæfða þekkingu innan geðsviðs Landspítalans og geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri til að unnt verði að veita einstaklingum með þroskahömlun og/eða einhverfu geðheilbrigðisþjónustu. Eitt af verkefnum hópsins verði að skoða og leggja mat á þörf fyrir sérhæfðar deildir sem geti sinnt einstaklingum með þroskahömlun og geðræna erfiðleika, einhverfum einstaklingum með þroskahömlun og einstaklingum með framheilaskaða. Tillögur innihaldi kostnaðarmat við að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Staða: Lokið

- Í júní 2020 fól heilbrigðisráðuneytið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að leiða stofnun sérhæfðs teymis, skipað þverfaglegum hópi sérfræðinga sem sinni ráðgjöf, stuðningi og geðheilbrigðisþjónustu við fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir auk geðræns vanda. Teymið sinni einnig ráðgjöf og stuðningi til aðstandenda og starfsfólks búsetuþjónustu sveitarfélaga. Teymið heyri undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, með sama hætti og almennu geðheilsuteymin á höfuðborgarsvæðinu og geðheilsuteymi fangelsanna, en verði samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, þverfaglegt og þverstofnanalegt.
- Að fyrirmynd geðheilsuteymis fangelsanna mun teymið starfa á landsvísu.

C5 Komið verði á sérhæfðu meðferðarúrræði fyrir fatlað fólk með fíknivanda

Markmið:

Að fatlað fólk með fíknivanda eigi vól á sérhæfðum meðferðarúrræðum.

Lýsing:

Starfshópur skilgreini þörf á forvarna- og meðferðartilboðum fyrir fólk með ólíkar þarfir, svo sem fólk með geðfötlun og/eða þroskahömlun. Hópurinn komi með tillögur um forvarna- og meðferðartilboð fyrir fatlað fólk með fíknivanda og hvernig bæta megi aðgengi fyrir skyn- og hreyfihamlaða að meðferðarstofnunum. Tillögur innihaldi einnig áætlun um fræðslu fyrir meðferðaraðila til að geta mætt þörfum þessa hóps sem og kostnaðarmat við að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Staða: Í farvegi

- Í maí 2021 greindi heilbrigðisráðherra frá því að ákveðið hefði verið að ráðast í heildarúttekt á þjónustuferlum, hugmyndafræði, innihaldi og gæðum heilbrigðisþjónustu við einstaklinga með vímuefnasjúkdóma, ásamt því að skoða möguleika á frekari samhæfingu heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu, einkum með tilliti til endurhæfingar, búsetuúrræða og stuðningsmeðferðar fyrir einstaklinga í bataferli. Úttektin mun m.a. fela í sér greiningu á stöðu mála hvað varðar þessa þjónustu fyrir fólk með geðfötlun eða þroskahömlun, sem og fyrir fólk með skyn- og hreyfihömlun. Gagnasöfnun úttektar og viðtöl við hagsmunasamtök eru komin vel á veg og byggt á þeim gögnum er ljóst að þörf er á sérhæfðu meðferðarúrræði á Íslandi fyrir fólk með fíknivanda. Þónokkrar fyrirmyndir að slíku sérhæfðu meðferðarúrræði fyrir fatlað fólk er að finna erlendis en enn þá hefur ekki farið fram greiningarvinna þar sem skoðað yrði hvernig hægt væri að aðlaga þær fyrirmyndir að íslenskum raunveruleika og samþætta inn í þjónustukerfið.

- Velferðarsviði Reykjavíkurborgar var veittur styrkur til þátttöku í tvígreiningarteymi LSH m.t.t. til aukningar í hópi einstaklinga með tvígreiningar, bæði í hópi geðfatlaðs fólks og hjá ungmennum með þroskafrávik. Markmiðið með þátttöku velferðarsviðs (félagsráðgjafa) í tvígreiningarteymi LSH er að leggja grunn að meðferðar- og stuðningsmódeli sem gæti virkað þvert á sveitarfélög, þ.e. ef árangur verður góður en mat á árangri mun fara fram á árinu 2022. Slík vinna gæti verið undanfari þess að setja á stofn teymi fyrir einstaklinga með þroskahömlun og fíknisjúkdóma.

3.4 Ímynd og fræðsla

Undirmarkmið 4:

Að stuðla að jákvæðu viðhorfi til málefna fatlaðs fólks.

Mælikvarði:

Hlutfall þeirra sem þekkja til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

D1 Vakin verði athygli á fjölbreyttu lífi fatlaðs fólks

Markmið:

Að auka skilning og þekkingu á lífi og aðstæðum fatlaðs fólks.

Lýsing:

Gerð verði þáttaröð til sýningar fyrir almenning um líf fatlaðra einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn og lífsstíl. Einnig verði fram haldið sýningum þáttanna Með okkar augum.

Staða: Lokið

- Fjármagn hefur verið veitt árlega til þroskahjálpar vegna sjónvarpsþáttanna Með okkar augum.

D2 Fræðsla um hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga

Markmið:

Að auka skilning og þekkingu stjórnvaldamanna á málefnum fatlaðs fólks.

Lýsing:

Sveitarstjórnarmenn fá árlega kynningu um málefni fatlaðs fólks. Sérstök áhersla verði lögð á hugmyndafræði samfélags án aðgreiningar þar sem áhersla verði lögð á valdeflingu og notendasamráð. M.a. verði horft til þátttöku fatlaðs fólks og samtaka þess við skipulagningu og veitingu þjónustunnar og einstaklingsbundinna þjónustuáætlana í samráði við notandann.

Staða: Lokið

- Ekki hefur verið haldin árlega kynning fyrir kjörna fulltrúa sveitarfélaga en árið 2020 var haldinn fræðslufundur þar sem kynnt var meginefni sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks fyrir sveitarstjórnarfólki; kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsfólki sem sinnir þjónustu og stuðningi við fatlað fólk. Sérstaklega var leitað svara við þeirri spurningu hvaða þýðingu áformuð lögfesting sáttmálans muni hafa fyrir sveitarfélögin.
- Samband íslenskra sveitarfélaga stóð einnig fyrir nokkrum viðburðum á árinu 2020-2021:
 - a) Vinnustofu um skráningu upplýsinga varðandi þjónustu við fatlað fólk.
 - b) Netnámskeið um SIS-matið.
 - c) Umræðu- og upplýsingafund (fjarfund) um húsnæðismál fatlaðs fólks.

D3 Fræðsluefni og kynningaráætlanir fyrir heilbrigðisstarfsfólk**Markmið:**

Að auka þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á fötlun.

Lýsing:

Fyrirliggjandi fræðsluefni, sem unnið var samkvæmt aðgerð E.3 í framkvæmdaáætlun 2012–2014, verði lagað að þörfum starfsfólks heilbrigðisþjónustu. Niðurstöður könnunar um heilbrigði fatlaðs fólks, sem unnin var í samræmi við framkvæmdaáætlun 2012–2014, verði höfð til hliðsjónar við aðlögunina. Áhersla verði lögð á ólíka fötlun og viðhorf gagnvart fötluðu fólki, samskiptaleiðir og nálgun varðandi þjónustu við fatlað fólk og heilsutengdar þarfir. Starfshópur skipaður fulltrúum faghópa og fulltrúum fatlaðs fólks komi að samningu efnisins. Fræðsluefni verði aðgengilegt á netinu.

Staða: Lokið

- Menntavísindasviði Háskóla Íslands var falið að uppfæra fyrirliggjandi námsefni fyrir starfsfólk sveitarfélaga, auk þess að útvíkka fræðslu og upplýsingagjöf um málefni fatlaðs fólks, þarfir og þjónustu á sérstökum vef fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu. Leiðbeiningum um hvernig nálgast megi námsefnið hefur verið miðlað til sveitarfélaga og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu getur nálgast efnið inni á innri vef Heilsuveru.

D4 Aukin þekking lögreglu, ákærvalds og dómskerfis við rannsókn og meðferð ofbeldisbrota

Markmið:

Að fatlað fólk njóti verndar réttarkerfisins til jafns við aðra.

Lýsing:

Tryggt verði að réttarkerfið, þ.e. lögregla, ákærvald og dómsvald, taki nauðsynlegt tillit til þarfa og aðstæðna fatlaðs fólks, hvort sem það hefur stöðu brotaþola, gerenda í brotamálum eða vitna. Sérstaklega verði skoðuð staða fatlaðs fólks sem meintra gerenda, ekki síst með tilliti til ákvarðana um gæsluvarðhald og fangelsisrefsingar. Einnig verði horft til verndar fatlaðra kvenna og barna gegn ofbeldi, svo sem kynferðislegs ofbeldis, þar sem rannsóknir sýna að fatlaðar konur og fötluð börn verða enn frekar fyrir ofbeldi en kynsystur/jafnaldrar. Á grundvelli niðurstaðna verði útbúið fræðsluefni fyrir starfsfólk.

Staða: Lokið

- Árið 2018 héldu réttindavaktin og Lögregluskólinn málþing um réttaröryggi fatlaðs fólks og samvinnu réttindagæslumanna og lögreglu. Meginmarkmiðið var að auka gagnkvæma fræðslu og samvinnu réttindagæslu, lögreglu og saksóknara. Í upphafi árs 2019 var haldin ráðstefna um réttaröryggi fatlaðs fólks á vegum dómstólasýslunnar, réttindavaktar félagsmálaráðuneytisins og mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar.
- Haldið var námskeiðið „Skýrslutökur af fólki með sérþarfir – einhverfa“ fyrir lögreglumenn þar sem farið var yfir aðferðir í skýrslutöku af brotaþolum, vitnum og sakborningum sem eru með einhverfu. Kennari á námskeiðinu var Phil Morris sem hefur þjálfað starfsfólk lögreglunnar í Manchester í viðtalstækni í hljóð og mynd um langt skeið en rekur nú fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjálfun fyrir fagaðila m.a. í skýrslutökum af fólki með sérþarfir.
- Þá hefur Ríkissaksóknari gefið út leiðbeiningar til lögreglu og ákærvalds um verklag og meðferð mála í réttarvörslukerfinu þegar fatlaðir einstaklingar eiga í hlut.

D5 Aukin þekking og skilningur heilbrigðisstarfsfólks á þörfum fatlaðs fólks

Markmið:

Að áhersla sé lögð á málefni fatlaðs fólks í námi heilbrigðisstétta.

Lýsing:

Skóðað verði hvernig bæta megi menntun heilbrigðisstétta með það að markmiði að auka færni og skilning þeirra. Komið verði á samtali milli menntastofnana, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og velferðarráðuneytisins til að vekja nemendur til meðvitundar og auka fræðslu um málefni fatlaðs fólks. Tekið verði mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hann látinn endurspeglast í allri kennslu er varðar málaflökkinn.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda

- Líta má til aðgerðar D3 en í tengslum við þá aðgerð var unnið töluvert af fræðsluefni sem koma mætti inn í menntun heilbrigðisstétta.

D6 Kynning á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Markmið:

Að vekja almenning til meðvitundar um mannréttindi.

Lýsing:

Framhald verði á verkefni þar sem fatlað fólk kynnir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í samstarfi við Fjölmennt. Framvinda verkefnisins er háð innleiðingu samningsins og gert var ráð fyrir endurmati í lok árs 2018. Kostnaðar- og kynningaráætlun verði lögð fram árlega. Samhliða svokölluðu sendiherraverkefni verði undirbúið efni til kynningar á samningnum í opinberum fjölmiðlum.

Staða: Lokið

- Fjölmennt var veitt framlag til þess að fylgja verkefninu eftir. Haldnar hafa verið kynningar, m.a. fyrir nýliða í starfi á heimilum fatlaðs fólks, fyrir persónulega talsmenn, fyrir Háskóla Íslands og á landsþingi þroskahjálpar. Sendiherrar tóku þátt í verkefni með Átaki, félagi fólks með þroskahömlun. Haldnir voru fundir í Reykjavík og á landsbyggðinni, í tengslum við sveitastjórnarkosningar. Framlag sendiherra var gerð myndbands um samning SP um réttindi fatlaðs fólks sem sýnt var á fundunum. Í samstarfi við Átak var skrifuð skýrsla um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi. Þá var framlagið einnig nýtt til þess að þjálfva sendiherra í gerð hlaðvarpsþátta um ýmsar greinar samningsins.

3.5 Menntun

Undirmarkmið 5:

Að fatlað fólk hafi sömu tækifæri til menntunar og aðrir.

Mælikvarði:

Hlutfall fatlaðs fólks sem lýkur námi á framhaldsskólastigi hækki.

E1 Aukin samþætting og betri undirbúningur við flutning milli skólastiga

Markmið:

Að bæta möguleika til náms.

Lýsing:

Þegar fatlaður nemandi flyst milli skólastiga verði gerð áætlun í samstarfi við nýja skólann. Félagsþjónusta, skólaskrifstofur og menntastofnanir vinni með samhæfðum hætti að því að tryggja að þegar nemandinn hefur nám í nýjum skóla hafi farið fram nægur undirbúningur þannig að allar aðstæður séu til fyrirmyndar. Áætlunin taki m.a. til hjálpartækja, sértækra úrræða í námi, námsefni og persónulegrar aðstoðar á skólatíma. Áætlun sé unnin í samráði við nemanda þegar við á og sé valdeflandi. Þegar sótt er um framhaldsskóla eða háskóla skal málstjóri boða til fundar með nemanda og náms- og starfsráðgjafa þar sem námið er undirbúið.

Staða: Í farvegi

- Aðgerðin fellur að aðgerð F1/F2 sem lýtur að þróun heildrænnar þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra, þar sem málstjóri tryggir öryggi og samfellu. Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar, Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar, Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vinna sameiginlega að verkefninu sem felur m.a. í sér þróun starfshátta og verkferla við gerð, framkvæmd og eftirfylgni einstaklingsbundinna þjónustuáætlana og er unnið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og ýmsa fleiri aðila.
- Þá er gert ráð fyrir að ný löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna mæti markmiðum þessarar aðgerðar.

E2 Aukin fjölbreytni í námsframboði á starfsbrautum framhaldsskólanna

Markmið:

Að fatlað fólk eigi val um nám á framhaldsskólastigi.

Lýsing:

Á grundvelli niðurstöðu úttektar á innleiðingu hugmyndafræði skóla án aðgreiningar verði hlutaðeigandi aðilar kallaðir saman við gerð umbótaáætlunar um fyrirkomulag starfsbrauta. Áætlunin taki m.a. til námsframboðs, staðsetningar og fjármögnunar.

Staða: Í farvegi

- Í árslok 2020 gerði félagsmálaráðuneytið styrksamkomulag við Landssamtökin Þroskahjálpi um framkvæmd verkefnisins. Verkefnið er ein af tillögum í skýrslu verkefnahóps sem unnin var á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem fjallaði um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla og lagði fram tillögur þar um. Gert er ráð fyrir móttframlagi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið felst í að safna saman upplýsingum á einn stað um náms- og atvinnuframboð og kynna skipulega fyrir nemendum sem eru að ljúka námi á starfsbrautum. Ráðinn verður starfsmaður til að halda utan um gagnaöflun, umsýslu og kynningu á því efni sem fyrir liggur hverju sinni. Starfsmaðurinn verði einnig samhæfingaraðili fyrir framhaldsskóla og atvinnulífið til að koma á auknu samstarfi þessara aðila. Þá verði teknar saman upplýsingar um náms- og atvinnutækifæri, íþróttir og tómstundir að lokinni starfsbraut og þær vistaðar á einum stað.
- Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu réð ráðuneytið verkefnisstjóra, m.a. til að skoða starfsemi starfsbrauta með framkvæmd úttektar eða könnunar o.fl. Á þeim grunni verði skoðað hvort og þá hvernig væri æskilegt eða nauðsynlegt að efla, bæta eða breyta starfsemi brautanna.

E3 Aukin fjölbreytni í diplómanámi á háskólastigi fyrir fatlað fólk

Markmið:

Að fatlað fólk eigi val um nám á háskólastigi.

Lýsing:

Gerð verði áætlun um hvernig auka megi fjölbreytni diplómanáms á háskólastigi. Hugað verði að því að nám á háskólastigi sé í boði í fleiri en einum háskóla.

Staða: Í farvegi

- Unnið er að verkefninu á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins með tilliti til aðgerða sem lagðar eru til í skýrslu verkefnahóps sem fjallaði um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla.

E4 Námsstyrkir fyrir fatlað fólk vegna endur- og símenntunar

Markmið:

Að auka möguleika fatlaðs fólks til að stunda nám á fullorðinsaldri.

Lýsing:

Samstarfshópur vinni tillögur að fyrirkomulagi starfs- og endurmenntunarsjóðs sem gegni sama hlutverki og slíkir sjóðir hjá stéttarfélögum og lífeyrissjóðum. Hlutverk sjóðsins verði að veita styrki til fatlaðs fólks á vinnualdri sem ekki á slík réttindi annars staðar.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda

3.6 Sjálfstætt líf

Undirmarkmið 6:

Að fatlað fólk njóti mannréttinda til jafns við aðra þ.m.t. réttarins til sjálfstæðs lífs.

Mælikvarði:

Hlutfall fatlaðs fólks sem telur að sú þjónusta sem það fær geri því kleift að lifa sjálfstæðu lífi.

F1 Heildræn þjónusta við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir þar sem málstjóri tryggir öryggi og samfellu

Markmið:

Að málstjóri tryggir samfellda, samhæfða, örugga og sveigjanlega þjónustu með einstaklingsbundinni þjónustuáætlun.

Lýsing:

Allt fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir sem á rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks fari í mat á stuðningsþörfum sem er hlutlægt og víðtækt einstaklingsbundið mat á þjónustupörf. Félagsþjónustan geri einstaklingsbundna þjónustuáætlun í samráði við notanda þar sem stuðst verði við niðurstöður mats á stuðningsþörf ef þær liggja fyrir. Áætlunin nái til þjónustu félags-, heilbrigðis- og menntamála, sé heildstæð, einstaklingsmiðuð, sveigjanleg og taki til allra þátta daglegs lífs. Í samráði við notanda verði skipaður málstjóri sem samhæfi þjónustuna og sé tengiliður milli þjónustukerfa. Gerð verði úttekt á einstaklingsbundnum áætlunum á tímabilinu.

Staða: Í farvegi

- Aðgerðir F1 og F2 eru unnar samhliða, sjá greinargerð með aðgerð F2.

F2 Heildræn þjónusta við fötluð börn með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra með aðstoð málstjóra

Markmið:

Að fötluð börn með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra fái heildstæða þjónustu.

Lýsing:

Í samvinnu við barnið og fjölskyldu þess verði skipaður málstjóri sem samhæfi þjónustuna og sé tengiliður milli þjónustukerfa. Gerð verði áætlun sem

grundvallist á mati á þjónustupörf og taki til þess hvernig samþætta skuli félagsþjónustu, heilsugæslu, skóla- og frístundaþjónustu sem og aðra þjónustu með hliðsjón af aldri, fötlun og þörfum barnsins og fjölskyldunnar. Gæta þarf að því að ekki verði rof á þjónustu við 18 ára aldur.

Staða: Í farvegi

- Aðgerðir F1 og F2 eru unnar samhliða. Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar, Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar, Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skipuðu stýrihóp sem vinnur sameiginlega að þróunarverkefninu „Heildræn þjónusta við fatlað fólk (börn og fullorðna) með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra, þar sem málástjóri tryggir öryggi og samfellu. Stýrihópurinn fékk Maríu Rúnarsdóttur, sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa, til að vinna með hópnum í nóvember 2019. Verkefnið felur í sér þróun starfshátta/verkferla við gerð, framkvæmd og eftirfylgni einstaklingsbundinna þjónustuáætlana og er unnið í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og ýmsa fleiri aðila.
- Í stöðuskýrslu stýrihópsins dags. 15. mars 2022 kemur fram að vinna við handbók hófst vorið 2020 og liggur fyrir handbók með ítarlegum upplýsingum um vinnu við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar, gátlistum og eyðublöðum sem hægt er að nota í ferlinu. Í handbókinni eru m.a. ábendingar til sveitarfélaga um verklag sem þarf að þróa við innleiðinguna og er sérstakur kafli þar sem ábendingunum er safnað saman. Þar má jafnframt finna tillögu að innleiðingaráætlun sem sveitarfélög geta stuðst við þegar verklag við gerð einstaklingsbundinna þjónustuáætlana er innleitt. Þá er sérstakur kafli um mat á stuðningsþörf þar sem farið er yfir ferlið. Í fylgiskjöllum er að finna gátlista fyrir mat á stuðningsþörf og eyðublöð fyrir vinnu við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar, gátlista fyrir samráð við notanda og verkfæri sem kallast fundarhringur sem er ætlað að styðja þátttöku fatlaðs fólks í þverfaglegu þjónustuteymi.
- Fyrstu drög að handbókinni voru tilbúin í mars 2021 og hefur hún síðan verið uppfærð eftir ábendingar sem hafa borist eftir samráð við starfsfólk sveitarfélaganna. Handbókin er vinnutæki fyrir starfsfólk sveitarfélaga við gerð, framkvæmd og eftirfylgni einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar. Í henni er að finna upplýsingar um ferlið, helstu lög og reglugerðir sem þarf að hafa til hliðsjónar, umfjöllun um notendasamráð, leiðbeiningar við markmiðasetningu auk eyðublaða og gátlista.
- Innleiðingarferlið sem hófst í apríl 2022 felur í sér mánaðarlega fræðslufundi fram á haustið í litlum hópum þar sem verklagið er innleitt í sveitarfélögum fjórum sem taka þátt í verkefninu. Markmiðið er að innleiða verklagið með hópi starfsmanna í sveitarfélögum fjórum og auka samráð þeirra í milli og skapa hóp

sérfræðinga sem geti verið öðrum sveitarfélögum til stuðnings við innleiðingu verklagsins þar.

- **Fasi, mars til apríl 2022:**
Undirbúningur. Hópar skipulagðir og startfundir með hópum.
- **Fasi, apríl 2022:**
Kynning og samstilling. Vinnufundur með öllum hópum og upptökur.
- **Fasi, maí til október 2022:**
Innleiðing í sveitarfélögum: Fjórir fræðslufundir í smærri hópum þar sem verklagið er innleitt, mánaðarlegir fundir með allt að sjö hópum. Lokafundur með öllum hópum í október.
- Þá verður verkefnið kynnt í vinnusmiðju á Félagsráðgjafafélagi 2022.

F3 Fatlað fólk njóti sjálfstæðs lífs á orlofstímum

Markmið:

Að fatlað fólk með mikla og sértæka stuðningsþörf eigi vól á orlofstíloboðum til jafns við aðra.

Lýsing:

Möguleikar fatlaðs fólks, barna og fullorðinna, til orlofsdvalar verði auknir verulega í samstarfi þjónustuaðila við ríki og sveitarfélög. Sett verði viðmið sem kveði á um hvaða kröfur aðilar sem reka slík orlofsúrræði þurfa að uppfylla til að tryggja öryggi og vellíðan fólks. Kannaðar verði leiðir til þess að starfsfólk geti fylgt notendum og veitt þeim stuðning í orlofsferðum, sbr. tillögur starfshóps um framtíðarfyrirkomulag orlofsmála fatlaðs fólks frá því í desember 2016.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda

- Á tímum Covid-19 var fjármagni veitt til sumarorlofsbúða fyrir fólk með fötlun. Skoða þarf hvort og þá hvernig hægt er að nýta þá reynslu til frekari þróunar til að fatlað fólk geti notið sjálfstæðs lífs á orlofstímum.

F4 Opinber húsnæðisstuðningur vegna breytinga á heimilum fatlaðs fólks

Markmið:

Að styðja fólk fjárhagslega til að gera breytingar á heimili sínu sem eru nauðsynlegar vegna fötlunar.

Lýsing:

Starfshópur greini þörf og komi með tillögur um lán og/eða styrki sem fötluðu fólki standi til boða til að fjármagna breytingar á heimilum sínum. Styrkir verði veittir vegna nauðsynlegra umbóta þegar þörfin er veruleg vegna fötlunar.

Fjölskyldur fatlaðra barna geti einnig sótt um slík lán eða styrki til að breyta heimilum sínum eftir þörfum fatlaðra barna.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda

- Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er einstaklingum veitt verðtryggð og óverðtryggð lán til kaupa, byggingar og endurbóta á hagkvæmum íbúðum um land allt. Jafnframt geta þau sem hafa skerta starfsorku, eru fötluð eða hreyfihömluð fengið aukalán komi til aukinn kostnaður vegna sérþarfa við kaup, byggingu eða breytingar á húsnæði.

F5 Húsnæðisþörfum fatlaðs fólks verði mætt með fjölbreyttum íbúðarkostum

Markmið:

Að fötluðu fólki standi til boða öruggt íbúðarhúsnæði í samræmi við þarfir sínar.

Lýsing:

Öll tækifæri verði nýtt samhliða innleiðingu á nýrri framtíðarskipan húsnæðismála til þess að auka framboð á öruggu og viðeigandi húsnæði til leigu, eða eftir atvikum eignar, fyrir fatlað fólk. Samhliða verði unnið áfram að því að fatlað fólk, sem býr við óboðlegar húsnæðisaðstæður, fái tilboð um betra húsnæði. Enn fremur verði stuðlað að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu fatlaðs fólks.

Sveitarfélög geri áætlanir til fjögurra ára um að vinna á biðlistum, m.a. með uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða þar sem þörf er á viðbótarrými vegna fötlunar. Herbergjasambýli verði lögð niður. Fram fari ítarleg þarfagreining sem lögð verði til grundvallar þessum áætlunum. Eftirfylgni með gerð og framkvæmd áætlananna fari fram á samhæfingarvettvangi þar sem haldið verði utan um niðurstöðu þarfagreiningar og aðra skráningu, svo sem vegna biðlista eftir húsnæði.

Staða: Í farvegi

- Í október 2019 voru kortlagðar framtíðaráætlanir sveitarfélaga varðandi uppbyggingu á íbúðarkostum fyrir þá sem falla undir lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir en sú kortlagning leiddi í ljós að í langflestum tilvikum eru engar markvissar áætlanir til.
- Samkvæmt reglugerð nr. 1248/2018, sem tók gildi 28. desember 2018, ber sveitarfélögum að gera húsnæðisáætlun til fjögurra ára í senn. Skal hún byggja á greiningum um þörf fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu með tilliti til mismunandi búsetuforma. Við greininguna skal meðal annars skoða framboð og eftirspurn eftir mismunandi búsetuformum og hvort jafnvægi ríki á húsnæðismarkaði. Þá skal meta þörf fyrir

húsnæði til að mæta þörfum einstakra hópa, þar með talið fatlaðs fólks.

F6 Áhrif fjárveitinga til félags-, heilbrigðis- og menntamála á líf fatlaðs fólks verði skoðuð

Markmið:

Heildarmynd af samfélagslegum stuðningi við fatlað fólk sé ljós.

Lýsing:

Við fjárlagagerð verði skoðað hvernig fjárveitingar koma við fatlað fólk eins og gert er í kynjaðri fjárlagagerð með jafnrétti í huga. Áhrif útgjaldabreytinga á sviði velferðar, heilbrigðis og menntunar á stöðu og líf fatlaðs fólks verði skoðuð. Sérstaklega verði hugað að stöðu ungs fólks þegar það hefur sjálfstætt líf og áætlunum framfylgt um að útrýma herbergjasambýlum í áföngum. Skipaður verði stýrihópur með fulltrúum samstarfsaðila.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda

- Aðgerðin er ekki komin til framkvæmda en hún er afar umfangsmikil og mikilvægt að skilgreint sé betur en fram kemur í lýsingu, hvað eigi að skoða. Starfshópur um eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar taldi því skynsamlegast m.t.t. tímaramma að þessi aðgerð yrði tekin til skoðunar við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar.

F7 Notendaráð starfi á öllum þjónustusvæðum

Markmið:

Að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélagi.

Lýsing:

Fötluðu fólki verði gert kleift að hafa aukin áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sem og önnur hagsmunamál sín. Á hverju þjónustusvæði verði sett á laggirnar notendaráð skipað fötluðu fólki sem sé ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun í málaflokknum. Þjónustusvæðið vinni alla stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks með ráðinu og geti auk þess tekið upp mál að eigin frumkvæði. Boðið verði upp á stuðning og ráðgjöf til að mæta sértekum þörfum fatlaðra fulltrúa sem sitji í notendaráðunum, m.a. sé gætt að því að efni sé sett fram á auðskildu máli.

Staða: Í farvegi

- Gerður var samningur við Þroskahjálp um framkvæmd verkefnisins, sem síðan fól Fjölmennt að sjá um úrfærslu þess.

- Verkefnið fólst einkum í að a) búa til fræðsluefni í texta, í formi mynda, myndbanda sem nýtist sérstaklega fötluðu fólki, b) búa til námskeiðsefni til notkunar bæði í stað- og fjarkennslu fyrir fatlað fólk hvar sem er á landinu, c) námskeið og þjálfun fyrir fulltrúa fatlaðs fólks í starfandi notendaráðum og fyrir þá sem hafa hug á starfa í notendaráðum, d) búa til námskeiðsefni og fræðsluefni upp úr fyrirliggjandi handbók fyrir starfsfólk sveitarfélaga, e) búa til kynningarefni til notkunar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum fyrir fatlað fólk þar sem áhersla er lögð á að efla vitund þess og áhuga á að starfa í notendaráðum.

3.7 Þróun þjónustu

Undirmarkmið 7:

Að þjónusta við fatlað fólk, börn og fullorðna, stuðli að sjálfstæði og þátttöku þess til jafns við aðra.

Mælikvarði:

Hlutfall fatlaðra barna sem fær frístundaþjónustu sem er samþætt almennri frístundaþjónustu þegar skóli er starfandi og í skólafríum

G1 Breytt verklag vegna tilvísana frá skólaþjónustu til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, barna- og unglingageðdeildar Landspítala (BUGL) og Þroska- og hegðunarstöðvar

Markmið:

Að börn sem grunur leikur á að séu fötluð og fötluð börn fái í leik- og grunnskóla snemmtæka, markvissa og viðeigandi þjónustu.

Lýsing:

Vakni grunur um misbrest í hegðun, líðan eða þroska barns á leik- eða grunnskólaaldri verði send beiðni til skólaþjónustu sveitarfélags.

Skólaþjónustan sinni viðeigandi stuðningi, inngripi eða úrræði með þverfaglegu samstarfi sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa, kennsluráðgjafa og sálfræðings.

Brugðist verði við mismunandi þörfum barna áður og á meðan unnið er að frumgreiningu og í sumum tilfellum í stað þess að gera hana. Bendi

frumgreining til þess að þörf sé á frekari greiningu skuli samhliða íhlutun senda

tilvísun til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, barna- og unglingageðdeildar Landspítala, BUGL, eða Þroska- og hegðunarstöðvar.

Staða: Í farvegi

- Þessari aðgerð verður mætt með nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 sem tóku gildi 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er setja börn í forgrunn þjónustulausna og tryggja að börn og foreldrar hafi, um leið og á þarf að halda, aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
- Reykjavíkurborg fékk styrk úr framkvæmdaáætlun árið 2018 til þess að setja af stað verkefni sem miðaði að því að samræma verklag milli skóla- og félagsþjónustu Reykjavíkurborgar við leik- og grunnskóla hvað varðar tilvísanir um greiningu, m.a. með hönnun nýrra verkferla. Vinnuhópur skilaði skýrslu með tillögum og er nú þegar hafin vinna við að fylgja þeim eftir hjá Reykjavíkurborg.

G2 Sett verði viðmið um biðtíma eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Markmið:

Að skilgreina hámarksbið eftir greiningu.

Lýsing:

Með hliðsjón af þeim árangri sem næst með því að fötluð börn fái snemmtæka, markvissa og viðeigandi þjónustu í leik- og grunnskóla (sbr. aðgerð G1) og með starfi landshlutateyma sem samþætti þjónustu við börn í heimabyggð (sbr. aðgerð G3) verði sett viðmið um bið eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Staða: Í farvegi

- Samkvæmt upplýsingum frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er biðlistinn eftir greiningu enn langur en þróun fjárveitinga til stofnunarinnar hefur verið á þá leið að hægt hefur verið að vinna á biðlistanum. Stofnunin hefur því ekki sett sér reglur en stöðugt símat er í gangi á því hvenær einstaklingar komast í greiningu. Það mat byggist á mörgum þáttum, m.a. umfangi röskunar og áhrifum hennar á aðstæður hvers einstaklings.
- Árið 2022 kom út skýrsla sem unnin var fyrir félags- og heilbrigðisráðuneyti, með styrk úr framkvæmdaáætlun, þar sem greind var bið barna eftir heilbrigðis-, félags- og skólaþjónustu, þ.m.t. bið eftir greiningum og sértækum stuðningsúrræðum. Í framhaldinu voru lagðar fram tillögur að úrbótum og hefur verið ráðist í ýmis verkefni sem ætlað er að ná fram nauðsynlegum úrbótum í þessum efnunum.

G3 Þjónusta við fötluð börn með sértækar þarfir verði veitt í nærumhverfi þeirra

Markmið:

Að styrkja grunnþjónustu í héraði.

Lýsing:

Landshlutateymi verði mynduð í því skyni að auka þekkingu og efla og samþætta þjónustu við börn í heimabyggð. Teymi geti einnig starfað innan hverfa í stærri sveitarfélögum. Um tilraunaverkefni verði að ræða en stefnt verði að því að teymin festi sig í sessi og starfsemi þeirra verði viðvarandi.

Staða: Lokið

- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var veittur styrkur til þess að styðja þjónustukerfin á Suðurlandi við innleiðingu nýrra starfshátta, m.a. með tilliti til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna með því að auka þekkingu á svæðinu og stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í heimabyggð. Jafnframt að styðja við samvinnu og samráð á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og þjónustuaðila í heimabyggð við greiningarferli, eftirfylgd, um íhlutunarleiðir, ráðgjöf og skipulag fræðslu.

G4 Leik- og grunnskólar á landsvísu fái í auknum mæli aðgang að miðlægrri þekkingu og ráðgjöf, m.a. með starfsemi svonefndra ráðgjafarleikskóla og grunnskóla

Markmið:

Að þjónusta við fötluð börn í leik- og grunnskóla sé góð og markviss.

Lýsing:

Möguleikar leik- og grunnskóla um land allt verði auknir með fjölbreyttum aðferðum til að veita góða og markvissa þjónustu við fötluð börn. Stuðningsnet verði til staðar á grunnskólastigi þannig að skólar með sérhæfingu miðli reynslu og veiti öðrum skólum ráðgjöf af gagnreyndri þekkingu. Þessi verkefni verði unnin samkvæmt samningi með aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fest verði í sessi hliðstætt net og er á þremur leikskólum Reykjavíkurborgar, sem hafa gegnt hlutverki svonefndra ráðgjafarleikskóla, þannig að leikskólar á landsvísu geti sótt þangað þekkingu og leitað ráða þegar börn þurfa aðstoð vegna heyrnarskerðingar, mikillar hreyfihömlunar eða einhverfu.

Staða: Lokið

- Reykjavíkurborg var veittur styrkur til þess að styðja 3 leikskóla í að vera svokallaðir ráðgjafarleikskólar þar sem þeir miðla sinni reynslu og sérhæfingu þegar kemur að þjónustu við fötluð börn. Leikskólar á landsvísu geti leitað til leikskólanna eftir miðlægrri þekkingu og ráðgjöf.

G5 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinni þjónustu við aldurshópinn 18–24 ára

Markmið:

Að þjónusta við ungt fatlað fólk verði bætt.

Lýsing:

Til að fyrirbyggja rof á þjónustu nái verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR) einnig til aldurshópsins 18–24 ára en til þess að svo geti orðið þarf lagabreytingu.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda

- Samkvæmt upplýsingum frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eru langir biðlistar eftir þjónustu stofnunarinnar þannig að þessi aðgerð hefur ekki komist í framkvæmd. Þegar lög um GRR voru í endurskoðunarferli var til skoðunar að hækka aldursmörkin. Niðurstaðan var að gera það ekki, en til þess að þessi aðgerð verði að veruleika þarf að koma til lagabreyting og samhliða þarf að tryggja fjármagn.

G6 Fötlua börn og ungmenni eigi kost á sértaekri frístunaaþjónustu

Markmið:

Að tryggja samfellda þjónustu yfir daginn og rjúfa félagslega einangrun fatlaðra barna.

Lýsing:

Fötlua börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístunaaþjónustu yfir daginn meðan skóli er starfandi, í skólafríum og á próftímum þegar hefðbundnir skóladaaar eru stuttir. Frístunaaþjónusta verði samþætt almennri frístunaaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar við á.

Staða: Lokið

- Í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um að sveitarfélög skuli bjóða fötluaðum börnum og ungmennum upp á frístunaaþjónustu eftir að reglubundnum skóladeaa þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.
- Þessi þjónusta tekur við af almennri frístunaaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal

vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

G7 Bætt þjónusta við fatlað fólk með aðstoð hjálpartækja og tæknitengdra lausna

Markmið:

Að lífsgæði fatlaðs fólks aukist og fjármunir nýtist betur.

Lýsing:

Við mat og skipulagningu þjónustu við fatlað fólk verði kannað hvort hjálpartæki og tæknitengdar lausnir styðji við framkvæmd þjónustunnar. Starfsfólk sveitarfélaga og heilsugæslu með þekkingu á hjálpartækjum meti þörf fyrir hjálpartæki og sæki um til Hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands og eftir atvikum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og Heyrnar- og talmeinaðstöðvar Íslands, í samvinnu við hinn fatlaða einstakling og eftir atvikum fjölskyldu hans. Fyrirgreindir aðilar úthluti hjálpartækjum og tæknitengdum lausnum á grundvelli umsókna. Hjálpartækjamiðstöðin veiti fræðslu um reglur og umsóknarferli sem gilda um hjálpartæki sem og fræðslu og leiðbeiningar um hjálpartæki og samninga sem eru í gildi hverju sinni. Starfsfólk sveitarfélaga og heilsugæslu annist endurmat eftir þörfum og eftirfylgni til að hjálpartæki komi að sem bestum notum.

Staða: Verkefni ekki komið til framkvæmda.

- Þessa aðgerð þarf að skoða betur þar sem hún felur í sér nokkur verkefni.

